

Verðbréfalýsing

BLÁA LÓNIÐ

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit **2**
1 Áhættuþættir **4**
1.1 Áhætta tengd hlutabréfakaupum 4
1.2 Áhætta tengd hlutabréfum í Bláa Lóninu 5
1.2.1 Markaðsáhætta 5
1.2.2 Þynning hlutafjáreignar 6
1.2.3 Seljanleikaáhætta 7
1.2.4 Mótaðilaáhætta 7
1.2.5 Uppbygging á eignarhaldi Bláa Lónsins 7
1.2.6 Lagaumhverfi almenns útboðs og töku til viðskipta 8
2 Veltufé, fjármögnun og skuldastaða **9**
3 Tilkynning til fjárfesta **10**
3.1 Umsjónaraðilar útboðs og ráðgjafar 12
3.2 Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis 13
3.3 Skjöl felld inn með tilvísun 13
3.4 Upplýsingar frá þriðja aðila 14
3.5 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar 14
3.6 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda 15
3.7 Skilgreiningar og tilvísanir 16
3.8 Skammstafanir og hugtök 17
4 Almennt útboð og taka hlutabréfa til viðskipta á skipulegum markaði **18**
4.1 Útgefandi 19
4.2 Fyrirhuguð tímaáætlun útboðsins og útboðstímabil 19
4.3 Umsjónaraðilar almenns útboðs og umsjón með töku til viðskipta 20
4.3.1 Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbóka A og B 21
5 Skilmálar og skilyrði útboðsins **21**
5.1 Stærð, skipting og verð í útboði 21
5.2 Skilyrði fyrir þátttöku 22
5.3 Skráning áskrifta og áskriftartímabil 23
5.3.1 Skráning áskrifta 24
5.3.2 Staðfesting á greiðslugetu og/eða tryggingu fyrir greiðslu 26
5.4 Skerðing áskrifta og úthlutun við umframeftirspurn 26
5.5 Tilkynning um niðurstöðu almenns útboðs 27

5.6 Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og afhending hluta 27
5.6.1 Skylda til að eiga vörslureikning 28
5.7 Áætlaður kostnaður og hreint söluandvirði 28
5.8 Taka hlutabréfa Bláa Lónsins til viðskipta 29
6 Viðskiptavakt 29
7 Hlutabréfaflokkurinn 30
7.1 Hlutafé 30
7.2 Ákvæði um hækkun og lækkun hlutafjár 30
7.3 Réttindi tengd hlutabréfum í Bláa Lóninu 31
7.4 Arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum 32
7.5 Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda 33
7.6 Innlausnarskylda og réttur 34
7.7 Slit, skipti eða samruni á félaginu 34
7.8 Skattaleg atriði 34
7.9 Safnskráning 36

1 Áhættuþættir

Hér er fjallað um þá áhættuþætti sem Bláa Lónið hf., kt. 431023-1130, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík (hér eftir „**Bláa Lónið**“, „**útgefandinn**“ eða „**félagið**“) er kunnugt um og telur að skipti máli varðandi hlutabréf útgefin af félaginu þannig að meta megi áhættuna sem tengist þeim.

Nýtt hlutafé í útgefanda verður gefið út og boðið til sölu í almennu útboði dagana 10. til og með 13. nóvember 2026 (hér eftir „**útboðið**“). Í kjölfar birtingar lýsingar útgefanda, sem verðbréfalýsing þessi er hluti af, mun útgefandi óska eftir því að allir hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Nasdaq Iceland**“).

Ekki er hægt að ábyrgjast að fjárfesting í hlutabréfum verði arðsöm. Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér ýmsa áhættuþætti. Verðmæti hlutabréfanna getur lækkað jafnt sem hækkað og fjárfestar geta tapað andvirði allrar fjárfestingar sinnar í hlutabréfum eða eftir atvikum hluta hennar. Ákvörðun um kaup á hlutabréfum ætti því ávallt að grundvallast á áhættumati sem hverjum og einum fjárfesti þykir viðeigandi. Fjárfestar eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf. Fjárfestar eru hvattir til að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfum í útgefanda kunna að hafa. Fjárfestar eru einnig hvattir til að kynna sér ítarlega efni fyrrgreindrar lýsingar útgefanda, dagsettrar 5. nóvember 2026.

Fjárfestar sem eru að velta fyrir sér kaupum á hlutabréfum útgefnum af Bláa Lóninu eru hvattir til að kynna sér vel þá áhættuþætti sem fjallað er um í verðbréfalýsingu þessari og leggja eigið mat á þá áhættu sem kaupin á hlutabréfunum gætu útsett þá fyrir. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu útgefanda sem verðbréfalýsing þessi er hluti af. Fjárfestar eru sérstaklega hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar um þá áhættu- og óvissuþætti útgefandans og samstæðu hans, sem lýst er í köflum um áhættuþætti í lýsingu útgefanda dagsettri 5. nóvember 2026, sem verðbréfalýsing þessi er hluti af, og gætu haft veruleg áhrif á samstæðu útgefanda og fjárfestingar í hlutabréfum útgefanda.

Áhættuþættirnir í þessum kafla „Áhættuþættir“ eru flokkaðir eftir eðli þeirra. Kaflinn inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur samkvæmt sinni bestu vitund eiga sérstaklega við um hlutabréf útgefin af honum svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim. Framsetning og uppröðun eftirfarandi áhættuþátta fer eftir alvarleika þeirra, þar sem fyrst eru taldir upp alvarlegustu þættirnir, að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á hlutabréfin og líkum á að þeir raungerist.

Kafli 1. „Áhættuþættir“ í útgefandalýsingu félagsins dagsettri 5. nóvember 2026, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandinn telur samkvæmt sinni bestu vitund eiga sérstaklega við um útgefandann, samstæðu hans og atvinnugrein hans. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að aðrir þættir en þeir sem taldir eru upp á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um, geti haft áhrif á markaðsvirði hlutabréfanna og/eða getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar.

1.1 Áhætta tengd hlutabréfakaupum

Mikilvægt er að hafa í huga að fjárfestingar í hlutabréfum fela að öllu jöfnu í sér meiri áhættu en fjárfestingar í skuldabréfum. Eigendur skuldabréfa eru framar í röð kröfuhafa en eigendur

hlutabréfa eru aftast í kröfuröð við slit eða gjaldþrot hlutafélaga. Af þessu leiðir að eigendur hlutabréfa fá greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína af því sem eftir stendur þegar allir aðrir kröfuhafar hafa fengið greitt í samræmi við löglega lýstar og gildar kröfur. Sú hætta er því til staðar að eigendur hlutabréfa fái ekkert upp í kröfu sína.

Ávöxtun fjárfesta af hlutabréfum getur komið til með tvennum hætti. Annars vegar með breytingum á verði hlutabréfa frá kaupum til sölu, bæði hvað varðar hækkun eða lækkun á verði, og hins vegar geta hlutafélög skilað hluthöfum sínum ávöxtun með arðsúthlutun og/eða kaupum á eigin bréfum. Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun er sú hætta almennt fyrir hendi að gengi hlutabréfa geti lækkað almennt á hlutabréfamarkaði sem og í einstökum félögum. Þá er ekki hægt að fullyrða um arðgreiðslur einstakra félaga til framtíðar.

Virði hlutabréfa getur tekið breytingum vegna innri eða ytri skilyrða viðkomandi félags og væntinga fjárfesta þar um og einnig vegna óvæntra atburða og breytinga á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja og hagkerfisins í heild. Mögulegt er að draga úr áhættu tengdri hlutabréfakaupum með fjárfestingum í vel dreifðu safni hlutabréfa í ólíkum félögum, auk annarra verðbréfa, fremur en í einstökum félögum. Þá er þekking og skilningur á rekstri og atvinnugreinum þess félags sem fjárfest er í enn fremur gagnleg til að efla skilning á þeirri áhættu sem fyrir hendi er.

Eins er bent á að lántökur vegna hlutabréfakaupa auka verulega áhættu og fjárfestum er bent á að takmarka slíkt eftir fremsta megni. Framangreind atriði eru þó einungis til þess fallin að draga úr áhættu vegna fjárfestinga í hlutabréfum en geta aldrei eytt henni að fullu.

Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa fyrirtækjum. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

1.2 Áhætta tengd hlutabréfum í Bláa Lóninu

1.2.1 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er sú áhætta að markaðsverð hlutabréfa í Bláa Lóninu breytist og þar með virði fjárfestingar í þeim. Breytingar geta orðið bæði í innra og ytra rekstrarumhverfi Bláa Lónsins, líkt og lýst er í áhættuþáttum útgefandalýsingar félagsins, dagsettrar 5. nóvember 2026, sem gætu leitt til þess að tekjur og/eða afkoma félagsins verði undir væntingum á tilteknu tímabili. Slíkar breytingar geta haft neikvæð áhrif á verð hlutabréfa félagsins.

Markaðsverð hlutabréfa Bláa Lónsins getur sveiflast eftir að þau hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Verðþróunin getur meðal annars ráðist af almennu framboði og eftirspurn eftir hlutabréfum félagsins. Einnig geta breytingar á högum félagsins, svo sem vegna ytri aðstæðna, innri mála, reksturs, afkomu eða stjórnun félagsins haft verðmótandi áhrif á hlutabréf í félaginu. Ytri skilyrði svo sem lagabreytingar eða aðrir utanaðkomandi þættir geta haft áhrif á rekstur útgefanda sem og hagkerfið í heild. Framangreind ytri skilyrði teljast utan áhrifasviðs stjórnar og stjórnenda félagsins.

Endanlegt útboðsgengi hlutabréfa Bláa Lónsins getur verið hærra eða lægra en það markaðsverð sem síðar myndast með hlutabréfin á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er unnt

að fullyrða um þróun markaðsverðs hlutabréfa Bláa Lónsins í framtíðinni og geta fjárfestar tapað hluta eða allri fjárfestingu sinni.

1.2.2 Þynning hlutafjáreignar

Sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að útgefandi auki hlutafé sitt í framtíðinni, en hlutafjáraukning getur þynnt hlutafjáreign þeirra hluthafa sem ekki taka þátt í þeirri aukningu. Ef útgefandi hækkar hlutafé sitt, með öðrum hætti en útgáfu jöfnunarhlutabréfa, mun hlutfallsleg hlutafjáreign þeirra sem þegar eiga hlutabréf í útgefanda minnka í samræmi við aukninguna, nema þeir fjárfesti í nýjum hlutum í útgefanda í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

Verði hlutafé félagsins hækkað skulu hluthafar að jafnaði hafa forgangsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína, í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Frá þessu eru þó undantekningar samkvæmt heimildum stjórnar í 5. gr. samþykkta félagsins.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. samþykkta Bláa Lónsins er stjórn félagsins heimilt að hækka hlutafé í félaginu um 15.000.000 kr. að nafnverði, með áskrift nýrra hluta í því skyni að mæta kaupréttarsamningum sem stjórn félagsins kann að gera við stjórnendur félagsins. Hluthafar félagsins hafa ekki forgangsrétt á hlutum sem gefnir eru út í samræmi við þessa heimild. Heimild þessi gildir til 10. apríl 2030.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. samþykkta félagsins er stjórn félagsins jafnframt heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 326.000.000 kr. að nafnverði með áskrift nýrra hluta í því skyni að efna kaupsamninga vegna fyrirhugaðra kaupa á Arctic Adventures hf. og hlutum í Norðurböðum hf. og Sjóböðum ehf., með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, gegn afhendingu hluta í Bláa Lóninu. Stjórn félagsins er jafnframt heimilt að nýta heimildina til frekari kaupa á hlutafé í Norðurböðum hf. og Jarðböðunum hf. Hluthafar útgefanda hafa ekki forgangsrétt til hluta sem gefnir verða út í samræmi við heimildina. Heimildin gildir fram til 31. desember 2028, en fellur þá niður að því marki sem hún er enn ónotuð. Á dagsetningu lýsingar hafa öll skilyrði í kaupsamningi vegna kaupa félagsins á Arctic Adventures, þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlitsins, verið uppfyllt.

Á hluthafafundi félagsins þann 30. október 2026 voru samþykktar breytingar á 5. gr. samþykkta Bláa Lónsins. Breytingarnar heimila stjórn félagsins annars vegar að hækka hlutafé í félaginu um allt að 47.000.000 kr. að nafnverði, með áskrift nýrra hluta í því skyni að mæta kaupréttarsamningum sem stjórn félagsins kann að gera við starfsmenn félagsins og dótturfélaga í samræmi við kaupréttaráætlun sem hluthafafundur félagsins hefur samþykkt og hlotið hefur staðfestingu ríkisskattstjóra í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Hluthafar félagsins hafa ekki forgangsrétt á hlutum sem gefnir eru út í samræmi við þessa heimild. Heimild þessi gildir til 30. október 2031. Einnig voru samþykktar breytingar sem heimila stjórn Bláa Lónsins að auka hlutafé í félaginu um allt að 150.000.000 kr. að nafnverði, með útgáfu nýrra hluta í tengslum við útboð og skráningu hlutabréfa félagsins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Hluthafar félagsins hafa ekki forgangsrétt til hluta sem gefnir verða út í samræmi við þessa heimild. Heimild þessi gildir til 31. desember 2027, en fellur þá niður að því marki sem hún er enn ónotuð.

Hækki hlutafé félagsins sem nemur 150.000.000 hlutum í kjölfar fyrirhugaðs útboðs verða útgefnir hlutir í félaginu 1.024.763.489. Miðað við framangreindar forsendur mun eignarhlutur hluthafa sem ekki taka þátt í útboðinu þynnast um 14,64%, miðað við útgefið hlutafé félagsins á dagsetningu þessarar verðbréfalýsingar. Á dagsetningu árshlutareiknings félagsins fyrir

fyrstu níu mánuði ársins 2026, þann 30. september 2026, nam hrein eign hvers hlutar í félaginu EUR 0,27 (eða 36,40 kr.)[1] á hlut.

1.2.3 Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta skapast þegar ekki tekst að selja hlutabréfin í því magni og á því verði sem fjárfestir telur ásættanlegt eða sem næst ætluðu raunvirði. Gera verður ráð fyrir að seljanleiki hlutabréfa í útgefanda og markaðsverð geti breyst í takt við breytingar á markaðsaðstæðum, hagsveiflu, fjárhagslegri afkomu og öðrum þáttum sem almennt hafa áhrif á markaðsverð hlutabréfa sem og seljanleika þeirra. Þannig getur sú staða komið upp að fjárfestar geti ekki selt hlutabréf í félaginu þegar þeir vilja selja eða geti ekki selt á því verði sem væntingar standa til. Líta má á bilið á milli kaup- og sölutilboða sem mælikvarða á þessa tegund áhættu. Áhættan er bæði fólgin í magni, þ.e. að markaðurinn taki við því magni sem vilji er til að selja hverju sinni, og í mögulegum áhrifum á gengi hlutabréfa félagsins, þar sem umfangsmikil viðskipti með hlutabréf félagsins geta haft veruleg áhrif á verðmyndun bréfanna.

Seljanleikaáhætta er á íslenskum hlutabréfamarkaði m.a. vegna smæðar markaðarins. Viðskiptavakt getur að einhverju leyti dregið úr seljanleikaáhættu. Bláa Lónið hefur gert samninga við viðskiptavaka um viðskiptavakt með hlutabréf í félaginu sem taka gildi við töku þeirra til viðskipta á Nasdaq Iceland, svo sem nánar má lesa í kafla 6 „Viðskiptavakt“. Þrátt fyrir það er ekki hægt að tryggja að hluthafar í félaginu geti selt bréf sín í því magni og á því verði sem þeir telja sanngjarnt á eftirmarkaði. Til þess að fjárfestar geti selt hlutabréfaeign sína þarf að vera til staðar virk verðmyndun með hlutabréfin á markaði.

Sú hætta er fyrir hendi að fjárfestar sem kaupa hlutabréf í almenna útboðinu geti ekki selt hlutina á eða yfir því verði sem þeir greiða fyrir hlutina í almenna útboðinu eða jafnvel ekki selt hlutina þó þeir séu reiðubúnir að selja þá undir kaupverði.

1.2.4 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta skapast þegar mótaðili, við kaup eða sölu hlutabréfa, eða við framkvæmd annarra fjármálagerninga, efnir ekki sinn hluta samningsins þegar að uppgjöri kemur.

1.2.5 Uppbygging á eignarhaldi Bláa Lónsins

Skipan eignarhalds á hverjum tíma getur falið í sér áhættu fyrir fjárfesta. Fjárfestar eru minntir á að eignarhald útgefanda getur tekið breytingum bæði hratt og með litlum fyrirvara. Hluthafar Bláa Lónsins á dagsetningu lýsingar eru 103 talsins. Stærstu hluthafar útgefanda gætu, miðað við eignarhald sitt, tekið sig saman um að hafa veruleg áhrif á mál sem borin eru undir atkvæði hluthafafundar. Þeir hafa einnig vald til að koma í veg fyrir breytingu á yfirráðum og gætu gripið til aðgerða sem gætu haft veruleg neikvæð áhrif á verðmæti hlutabréfa í útgefanda. Þetta á bæði við um eignarhald útgefanda samkvæmt núverandi hlutaskrá og eignarhald eftir breytingar sem eru fyrirhugaðar vegna útboðsins.

Fyrirhugað er almennt útboð á nýju hlutafé í félaginu í tengslum við töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér upplýsingar um hluthafa og fyrirsjáanlegar eignarhaldsbreytingar, sem koma fram í kafla 7.5 „Lögbundin

[1] Miðað við skráð opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands þann 30. september 2026, 137,0 krónur fyrir hverja evru.

yfirtökutilboð og tilboðsskylda“ í verðbréfalýsingu þessari, svo og upplýsingar í útgefandalýsingu, dagsettri 5. nóvember 2026, undir kafla 7.1 „Hluthafar“.

Engar söluhömlur eða söluskyldur hvíla á hlutum í Bláa Lóninu eftir að útboði lýkur. Stærstu hluthafar félagsins hafa ekki gengist undir söluhömlur í tengslum við útboðið eða töku hlutabréfa félagsins til viðskipta. Útgefanda er ekki kunnugt um að til staðar séu samningar eða önnur réttindi sem takmarka framsal hluta þeirra, að öðru leyti en leiðir af lögum, reglum og samþykktum félagsins.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort, hvenær eða með hvaða hætti stærstu hluthafar kunna að breyta eignarhlutum sínum í félaginu eftir að útboðinu lýkur. Breytingar á eignarhlutum kunna að vera tilkynningarskyldar samkvæmt lögum nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu.

Fjárfestum er bent á að frá því að óskað hefur verið eftir töku hluta í Bláa Lóninu til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland falla hlutirnir undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik (MAR), sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar. Reglugerðin hefur lagagildi hér á landi samkvæmt 2. gr. laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum. Regluverkið felur meðal annars í sér reglur um meðferð og opinbera birtingu innherjaupplýsinga, innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun.

Þegar hlutirnir hafa verið teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland munu jafnframt um félagið og hluthafa þess gilda lög nr. 108/2007 um yfirtökur og lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Lögin fela meðal annars í sér skyldur vegna yfirtökutilboða og tilkynninga um verulegar breytingar á atkvæðisrétti.

1.2.6 Lagaumhverfi almenns útboðs og töku til viðskipta

Um útgefanda og hlutabréf félagsins, sem óskað verður eftir að tekin verði til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, gilda ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, eins og þau eru á hverjum tíma. Meðal annars gilda lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, lög nr. 108/2007, um yfirtökur, reglugerð nr. 977/2021 um tilkynningar um raunveruleg eða möguleg brot á lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglur Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík (hér eftir „**Seðlabanki**“), nr. 1290/2025 um aðgerðir gegn markaðssvikum. Þá gilda um félagið reglur nr. 44/2023 um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum. Einnig gilda reglur Seðlabankans nr. 881/2026 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa sem og reglugerð nr. 1267/2021 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 20/2021.

Hlutabréf félagsins eru gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög og eru skráð með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, með áorðnum breytingum sem og þeim reglum sem settar hafa verið á grundvelli framangreindra laga og reglna. Lýsing þessi er gefin út á grundvelli laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 um lýsingar, sem og, eftir því sem við á, framseldra reglugerða framkvæmdastjórnarinnar sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn og settar eru á grundvelli reglugerðarinnar. Útgefandi og hlutabréf hans lúta jafnframt gildandi reglum fyrir

útgefendur hlutabréfa, (e. Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares), ásamt íslenskum viðauka, sem Nasdaq Iceland gefur út og gilda á hverjum tíma.

Útgefanda ber að fara eftir framangreindum lögum og reglum auk laga og reglugerða sem síðar kunna að vera settar og hafa áhrif á starfsemi eða hlutabréf útgefanda, þar á meðal reglum um upplýsingaskyldu. Brot gegn slíkum reglum kann að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot geta leitt til stjórnvaldsviðurlaga og, eftir atvikum, þess að viðskipti með hlutabréf útgefanda verði stöðvuð eða að hlutabréfin verði tekin úr viðskiptum í samræmi við gildandi lög og reglur. Brot útgefanda gegn framangreindum lögum eða reglum kann jafnframt að hafa neikvæð áhrif á orðspor útgefanda og þar með á verð hlutabréfa hans. Vakin er sérstök athygli á því að eftir að viðskipti með hlutabréfin hefjast munu eigendur hlutabréfa í félaginu, eftir því sem við á, falla undir ákvæði laga nr. 108/2007 um yfirtökur og laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum. Brot gegn tilteknum ákvæðum þeirra laga, framin af ásetningi eða gáleysi, kunna að varða stjórnsýsluviðurlögum og eftir atvikum refsingu samkvæmt ákvæðum viðkomandi laga.

2 Veltufé, fjármögnun og skuldastaða

Stjórnarformaður og forstjóri Bláa Lónsins lýsa því yfir fyrir hönd útgefanda að þeir telji veltufé félagsins vera fullnægjandi til að uppfylla núverandi þarfir félagsins. Eftirfarandi fjárhagsupplýsingar eru byggðar á könnuðum árshlutareikningi samstæðu Bláa Lónsins fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026, sem gerður er í samræmi við IAS 34. Aðrar fjárhagsupplýsingar Bláa Lónsins sem birtar eru í lýsingu félagsins og eru hluti af henni, dagsettri 5. nóvember 2026, eru endurskoðaðir samstæðuársreikningar fyrir fjárhagsárin 2023–2025 sem finna má í kafla 3.3 „Skjöl felld inn með tilvísun“.

Tafla 1: Fjármögnun og skuldsetning þann 30. september 2026

Fjárhæðir í EUR þús.	
Skammtímaskuldir	
Með ábyrgðum	57
Með veði	21.762
Án ábyrgða/veðs	29.348
Skammtímaskuldir samtals	**51.167**

Langtímaskuldir	
Með ábyrgðum	0
Með veði	174.671
Án ábyrgða/veðs	45.863
Langtímaskuldir samtals	**220.534**

Eigið fé	
Hlutafé	6.106
Bundið eigið fé	146.178
Óráðstafað eigið fé	79.719
Hlutdeild minnihluta	788
Eigið fé samtals	*232.790*
Samtals fjármögnun	**504.492**

Félagið hyggst efna til almenns útboðs þar sem nýir hlutir í Bláa Lóninu verða boðnir til sölu. Af því leiðir að fjárstreymi verður til félagsins í tengslum við útboðið sem félagið hyggst nýta til fjármögnunar framkvæmda og til almennra félagsþarfa eins og þurfa þykir. Í kjölfarið verður óskað eftir töku alls hlutafjár í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Bent er á upplýsingar um kostnað sem fellur á félagið vegna þess ferlis í kafla 5.7 „Áætlaður kostnaður og hreint söluandvirði“ í verðbréfalýsingu þessari.

3 Tilkynning til fjárfesta

Verðbréfalýsing þessi, dagsett 5. nóvember 2026 (hér eftir „**verðbréfalýsingin**“) hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, sem er lögbært yfirvald samkvæmt lögum nr. 14/2020, um lýsingar verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129. Fjármálaeftirlitið staðfestir einungis verðbréfalýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 2017/1129, og ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðkomandi verðbréfalýsing varðar. Verðbréfalýsingin er hluti af lýsingu Bláa Lónsins dagsettri 5. nóvember 2026, sem samanstendur af þremur skjölum, verðbréfalýsingu þessari, útgefandalýsingu og samantekt og eftir atvikum viðaukum sem kunna að vera gerðir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði („**lýsing**“). Lýsingin er útbúin í tengslum við almennt útboð hlutabréfa í Bláa Lóninu og umsókn félagsins um að hlutabréf þess verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, eins og nánar er lýst í lýsingunni. Lýsingin hefur verið útbúin í samræmi við íslensk lög, reglugerðir og reglur eins og þær standa á þeim degi sem hún er dagsett og fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum 1, 7, 11 og 20 við framselda reglugerð (ESB) nr. 2019/980. Verðbréfalýsingin uppfyllir ákvæði 11. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 2019/980 um lágmarkskröfur um upplýsingar í verðbréfalýsingu fyrir hlutabréf. Jafnframt er lýsingin útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur hlutabréfa, (e. „Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares“), ásamt íslenskum viðauka, sem Nasdaq Iceland gefur út.

Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í hlutabréfunum. Lýsingin er á íslensku og er eingöngu birt á Íslandi. Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum, samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem öll eru dagsett 5. nóvember 2026.

Lýsinguna í heild sinni má nálgast á vef útgefanda, https://www.blaalonidhf.is og verður aðgengileg þar í 10 ár.

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel lýsinguna og er þeim ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð og geta breyst frá dagsetningu lýsingarinnar og fram að þeim degi þegar hlutabréfin eru tekin til viðskipta. Hvorki útgefandi né umsjónaraðili bera ábyrgð á áhrifum lagabreytinga, breytinga á reglugerðum og reglum eða ákvörðunum dómstóla sem kunna að koma til eftir staðfestingu lýsingarinnar. Ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á hlutabréfunum, koma fram á tímabilinu frá birtingu lýsingar þessarar og þar til útboðstímabili lýkur eða viðskipti hefjast á skipulegum markaði, hvort heldur sem síðar gerist, skal útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunaleg lýsing. Í samræmi við ákvæði fyrrnefndra laga og 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir fjármálagerningum sem viðkomandi lýsing varðar, áður en viðaukinn er birtur, eiga rétt á að falla frá fyrrgreindu samþykki innan tveggja virkra daga frá birtingu viðaukans, að því tilskildu að viðkomandi mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni hafi komið fram eða uppgötvast fyrir lok útboðstímabilsins eða afhendingu verðbréfanna, hvort heldur sem gerist fyrr.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra þessari verðbréfalýsingu dagsett 5. nóvember 2026, má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, umsjónaraðila útboðs, umsjónaraðila með töku til viðskipta á skipulegum markaði eða annarra aðila.

Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum í Bláa Lóninu og taka tillit til starfsumhverfis útgefanda, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestar eru hvattir til að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfum í útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti. Ráðgjöfum er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda sé viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga.

Verðbréfalýsingu þessa eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingunni skal ekki dreifa (hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt) til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing stangast á við lög eða reglur viðeigandi landa. Útgefandi og ráðgjafarnir eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar á lýsingunni til þriðja aðila.

Lýsing þessi inniheldur í einhverjum tilvikum framsýnar yfirlýsingar (e. forward looking statements). Þessar framsýnu yfirlýsingar eru byggðar á núverandi áætlunum og væntingum en eru ekki ábyrgð eða trygging fyrir tilteknum árangri í framtíðinni. Þær byggja á ákveðnum væntingum sem eru sanngjarnar við útgáfu framsýnna yfirlýsinga en geta reynst rangar. Þá eru slíkar framsýnar yfirlýsingar háðar ýmsum áhættum og óvissu og fjárfestar ættu ekki að treysta á þessar framsýnu yfirlýsingar. Félaginu sem og ráðgjöfum þess ber engin skylda til

að endurskoða, staðfesta eða gefa út opinberlega ef breytingar eru gerðar á framsýnum yfirlýsingum til að endurspegla atburði eða aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfudag lýsingarinnar.

Frá því að útgefandi sækir um að hlutabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland gilda, eftir því sem við á, um útgefandann og hlutabréfin lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, þ.m.t. reglugerð (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik (MAR), lög nr. 108/2007 um yfirtökur, lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, sem og reglur nr. 1290/2025 um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerðir settar á grundvelli þeirra laga, allt eins og þau eru á hverjum tíma. Jafnframt gilda um útgefandann gildandi reglur fyrir útgefendur hlutabréfa (e. „Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares"), ásamt íslenskum viðauka, sem Nasdaq Iceland gefur út. Reglurnar kveða m.a. á um opinbera birtingu allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um útgefanda á hverjum tíma, og að upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta, beri að birta eins fljótt og unnt er. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, auk þess sem þær skulu vera sendar til Nasdaq Iceland í eftirlitsskyni í samræmi við reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur hlutabréfa. Bláa Lónið mun birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef útgefanda, á slóðinni https://www.blaalonidhf.is.

3.1 Umsjónaraðilar útboðs og ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík (hér eftir „**Landsbankinn**" eða „**Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans**"), hefur umsjón með töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland (hér eftir „**umsjónaraðili**"). Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur unnið að gerð verðbréfalýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda. Lýsingin er m.a. byggð á endurskoðuðum ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2023, 2024 og 2025, auk kannaðs samstæðuárshlutareiknings Bláa Lónsins hf. fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans og Fyrirtækjaráðgjöf Fossa fjárfestingarbanka hf., kt. 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík (hér eftir „**Fossar**" eða „**Fyrirtækjaráðgjöf Fossa**") eru ráðgjafar og hafa umsjón með sölu og almennu útboði á hlutum í Bláa Lóninu (hér eftir „**ráðgjafar**") sem lýst er í verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 5. nóvember 2026, og efnt er til í tengslum við töku hlutabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Áreiðanleikakannanir voru unnar á Bláa Lóninu í undirbúningi fyrir fyrirhugað útboð hlutabréfa félagsins og skráningu hlutabréfanna á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Eftirfarandi áreiðanleikakannanir voru framkvæmdar. Lögfræðileg áreiðanleikakönnun, dagsett 27. september 2026, var framkvæmd af LEX ehf., kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík. Könnunin tók til skipulags félagsins, félagaréttartengdra atriða, regluverks, heimilda og leyfa og samskipta við opinbera aðila, samninga, fasteigna og lausafjár, leiguréttinda, starfsmannamála, hugverkaréttinda, dómsmála og annars ágreinings, fjármögnunar, auk annarra sambærilegra atriða. Fjárhagsleg og skattaleg áreiðanleikakönnun, dagsett 13. október 2026, var framkvæmd af Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Dalvegi 30, 201 Kópavogi. Til viðbótar við framangreindar áreiðanleikakannanir var framkvæmd ástandsskoðun fasteigna

að Svartsengi, dagsett 2. nóvember 2026, af Eflu hf., kt. 621079-0189, Lynghálsi 4, 110 Reykjavík. Áreiðanleikakannanir mynda ekki hluta af lýsingunni og skal ekki túlka sem meðmæli eða leiðbeiningar um að kaupa, halda eða selja hlutabréf í Bláa Lóninu og skulu ekki mynda grundvöll fyrir aðrar fjárfestingarákvarðanir.

3.2 Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis

Lýsing útgefanda dagsett 5. nóvember 2026, samanstendur af þremur skjölum, samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu þessari dagsettri 5. nóvember 2026, og eftir atvikum viðaukum sem kunna að vera gerðir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Lýsingin gildir í 12 mánuði frá staðfestingu hennar. Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af útgefanda eða varða hann. Lýsingin er birt rafrænt á vef Bláa Lónsins https://www.blaalonidhf.is/fjarfestar og verður þar aðgengileg að lágmarki í 10 ár.

Eftirfarandi skjöl eru til sýnis á vefsíðu útgefanda:

- Samþykktir Bláa Lónsins, dagsettar 30. október 2026
- Kannaður samstæðuárshlutareikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026, gerður í samræmi við IAS 34
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Bláa Lónsins hf., fyrir fjárhagsárið 2025
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Bláa Lónsins hf., fyrir fjárhagsárið 2024
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Bláa Lónsins hf., fyrir fjárhagsárið 2023

3.3 Skjöl felld inn með tilvísun

Eftirfarandi skjöl eru felld inn í lýsinguna með tilvísun og skoðast sem órjúfanlegur hluti af lýsingunni:

- Kannaður samstæðuárshlutareikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2026, gerður í samræmi við IAS 34, vefslóð: https://www.blaalonidhf.is/skjol/samstaeduarsreikningur-9M-2026
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fjárhagsárið 2025, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: https://www.blaalonidhf.is/skjol/arsreikningur-2025
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fjárhagsárið 2024, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: https://www.blaalonidhf.is/skjol/arsreikningur-2024
- Endurskoðaður samstæðuársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir fjárhagsárið 2023, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: https://www.blaalonidhf.is/skjol/arsreikningur-2023

Verðbréfalýsingu þessa skal lesa í samhengi við öll þau skjöl sem felld eru inn með tilvísun. Lýsingu þessa skal lesa og túlka á þeim grundvelli að öll þau skjöl sem felld eru inn með tilvísun eru eins og áður segir órjúfanlegur hluti af verðbréfalýsingu þessari. Meðan verðbréfalýsingin er í gildi er heimilt að skoða skjöl sem vísað er til hér að framan á vef

félagsins, https://www.blaalonidhf.is/fjarfestar og verða þau þar aðgengileg að lágmarki í 10 ár.

3.4 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í kafla 3.5 „Hugsanlegir hagsmunaárekstrar“ og kafla 5.2 „Skilyrði fyrir þátttöku“, að því er varðar hlutverk, hagsmuni, eignarhald tengdra aðila og reglur Fossa, eru fengnar frá Fossum fjárfestingarbanka hf. Útgefandi staðfestir að upplýsingarnar hafi verið endurgerðar með réttum hætti, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli upplýsinga sem Fossar hafa birt eða afhent. Útgefanda er ekki kunnugt um að staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi.

3.5 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Landsbankinn hefur í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum Bláa Lónsins og ósk um að hlutabréf Bláa Lónsins verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

- Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur umsjón með töku hlutabréfa í útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, þar með talið umsjón með gerð lýsingar, og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur auk þess umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Landsbankinn er lánveitandi Bláa Lónsins og Fyrirtækjasvið bankans annast þau viðskipti.
- Landsbankinn er viðskiptabanki útgefanda og annast Fyrirtækjasvið bankans þau viðskipti. Landsbankinn, sem viðskiptabanki útgefanda, veitir einnig útgefanda þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, gjaldeyrisviðskipta og afleiðuviðskipta og annast Markaðsviðskipti bankans þau viðskipti. Fyrir slík viðskipti fær Landsbankinn greiddar þóknanir frá útgefanda.
- Landsbankinn á 1,72% eignarhlut í Bláa Lóninu[2].

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Fossar hafa í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum Bláa Lónsins og ósk um að hlutabréf Bláa Lónsins verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

- Fyrirtækjaráðgjöf Fossa hefur umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Fossar eru hluti af samstæðu sem á m.a. í viðskiptum á sviði verðbréfamiðlunar, eignastýringar og sjóðastýringar þar sem aðilar/einstaka starfseiningar innan samstæðunnar starfa sjálfstætt. Aðrar deildir bankans kunna að veita útgefanda þjónustu. Þá geta Fossar/tengdir aðilar haft hagsmuni eða skyldur sem stangast á við hagsmuni útgefanda, en Fossar hafa gripið til allra tiltækra ráðstafana til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar geti skaðað hagsmuni viðskiptavina, þ.m.t. útgefanda.

[2] Í október 2026 gerði Bláa Lónið bindandi samning við Landsbankann um kaup á 0,78% eignarhlut bankans í Norðurböðum gegn greiðslu í hlutum í Bláa Lóninu. Viðskiptin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Gangi viðskiptin eftir verður eignarhlutur Landsbankans í Bláa Lóninu 1,75%, miðað við núverandi fjölda útgefinna hluta, eða 1,49% eftir útgáfu nýrra hluta í tengslum við útboðið.

- VÍS tryggingar hf., félag innan samstæðu Skaga og systurfélag Fossa, á 1,01% eignarhlut í Bláa Lóninu.

Útgefanda er ekki kunnugt um aðra verulega hagsmuni eða hagsmunaárekstra sem Landsbankinn eða Fossar hafa í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum Bláa Lónsins.

Útgefanda, Landsbankanum og Fossum er ekki skylt að meta hvort kaup á hlutabréfum sem þessi lýsing tekur til séu viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Útgefandi, Landsbankinn og Fossar fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þessari lýsingu. Stefna Landsbankans um hagsmunaárekstra er sett á grundvelli laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, og reglna settra á grundvelli þeirra laga, þar á meðal ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565. Þá byggir stefnan jafnframt á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar („EBA“) um innri stjórnarhætti, eins og þær eru hverju sinni. Útdrátt úr stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra er að finna á vefslóðinni: https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/UmLandsbankann/MiFID/stefna_um_hagsmunaarekstra.pdf

Stefna Fossa um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, sem sett er á grundvelli 34. gr. framseldrar reglugerðar ESB nr. 2017/565 um skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja, sbr. 32. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga er að finna á vefslóðinni: https://fossar.is/wp-content/uploads/2026/10/Stefna-um-radstafanir-gegn-hagsmunaarekstrum.pdf

3.6 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður og forstjóri Bláa Lónsins hf., kt. 431023-1130, Urriðaholtsstræti 2-4, 210 Garðabæ, lýsa því yfir fyrir hönd Bláa Lónsins hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem verðbréfalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Garðabær, 5. nóvember 2026

Fyrir hönd Bláa Lónsins hf.

Grímur Sæmundsen, stjórnarformaður Bláa Lónsins hf.	Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Bláa Lónsins hf.

3.7 Skilgreiningar og tilvísanir

„Aðalmarkaður“ til aðalmarkaðar Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Fjármálaeftirlitið“ til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík,

„Fossar“ til Fossa fjárfestingarbanka hf., kt. 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík, Íslandi,

„Landsbankinn“ til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík,

„lýsing“ til lýsingar Bláa Lónsins hf. dagsettrar 5. nóvember 2026, sem samanstendur af samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu þessari dagsettri 5. nóvember 2026,

„lög um lýsingar“ til laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði,

„lýsingarreglugerð“ til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB,

„lög um verðbréfamiðstöðvar“ til laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga,

„lög um yfirtökur“ til laga nr. 108/2007, um yfirtökur,

„Nasdaq Iceland“ til Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Nasdaq verðbréfamiðstöð“ til „Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi“, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi,

„ráðgjafar“ til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík og Fyrirtækjaráðgjafar Fossa fjárfestingarbanka hf., kt. 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík,

„skipulegur markaður“ til skipulegs markaðar samkvæmt skilgreiningu laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga,

„umsjónaraðili töku til viðskipta“ til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík,

„útgefandalýsingin“ til útgefandalýsingar dagsettrar 5. nóvember 2026,

„verðbréfalýsingin“ til verðbréfalýsingar þessarar dagsettrar 5. nóvember 2026,

Hugtakið „króna“ eða skammstöfunina „kr.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.” í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.” í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Vísun til „útgefanda“, „félagsins“ eða „samstæðunnar“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Bláa Lónsins hf., kt. 431023-1130, Urriðaholtsstræti 2-4, 210 Garðabæ, Íslandi,

og dótturfélaga þess, nema annað megi skilja af samhengi textans. Bláa Lónið hf. er lögformlegt heiti útgefandans.

Vísun til „hlutanna“ eða „hlutabréfanna“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til allra útgefinna hlutabréfa í Bláa Lóninu hf. hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð í flokki hlutabréfa með auðkennið BLUE og ISIN númerið: IS0000036101, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með síðari breytingum.

3.8 Skammstafanir og hugtök

e.	enska
ehf.	einkahlutafélag
ESB	Evrópusambandið
EUR	evra
gr.	grein
hf.	hlutafélag
kr.	krónur
kt.	kennitala
mgr.	málsgrein
m.kr.	milljónir króna
nr.	númer
sbr.	samanber
skv.	samkvæmt
tl.	tölulið ur
USD	bandaríkjadalur
þ.e.	það er
þ.m.t.	þar með talið
þús.	þúsund

4 Almennt útboð og taka hlutabréfa til viðskipta á skipulegum markaði

Útboðið sem lýst er í þessari verðbréfalýsingu felur í sér almennt útboð verðbréfa samkvæmt þeim skilmálum sem gerð er grein fyrir í verðbréfalýsingu þessari. Með „útboðinu“ í þessum kafla er átt við útboð til almennings sem lýtur bæði ákvæðum laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/980.

Í útboðinu verða boðnir til kaups 150.000.000 nýir hlutir í Bláa Lóninu. Ekki verður heimilt að stækka útboðið. Hlutir Bláa Lónsins eru gefnir út rafrænt sem nafnbréf hjá Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi (hér eftir „**Nasdaq verðbréfamiðstöð**“) með auðkenni BLUE og ISIN númer IS0000036101. Í kjölfar útboðsins verður óskað eftir að öll útgefin hlutabréf í Bláa Lóninu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur markaður.

Markmiðið með því að fá hlutabréf Bláa Lónsins tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er að stuðla að auknum seljanleika hlutabréfa í félaginu, virkari verðmyndun í viðskiptum með hlutabréf útgefin af félaginu, dreifðara eignarhald og að gera upplýsingar um félagið aðgengilegar fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavini og allan almenning.

Gert er ráð fyrir að heildarandvirði útboðsins verði að lágmarki 14.250 m.kr. að markaðsvirði miðað við að full áskrift fáist að hlutum í útboðinu, horft til lágmarksverðs. Nafnverð hvers hluta er 1 kr. og tilheyra allir hlutirnir sama flokki og það hlutafé félagsins sem til staðar er við upphaf útboðsins. Allir hlutir í útboðinu verða seldir í tveimur tilboðsbókum, sem stjórn útgefanda tók ákvörðun um á fundi sínum 22. október 2026. Sjá nánar kafla 5.1 „Stærð, skipting og verð í útboði“.

Útboðið mun fara fram dagana 10. nóvember til og með 13. nóvember 2026 og er áformað að birta niðurstöður útboðsins eigi síðar en mánudaginn 16. nóvember 2026.

Bláa Lónið mun sækja um að útgefnir hlutir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Nasdaq Iceland mun fara yfir umsóknina og niðurstöður fyrirhugaðs almenns útboðs á hlutum í útgefanda þegar þær liggja fyrir og birta opinberlega ef umsóknin verður samþykkt og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verður með hlutina á hinum skipulega markaði, en Nasdaq Iceland tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Útboðið fer eingöngu fram á Íslandi og verða hinir seldu hlutir ekki markaðssettir eða boðnir til kaups utan Íslands með þeim hætti að um almennt útboð í öðrum lögsögum sé að ræða. Þó kann að vera að hlutir í útboðinu verði seldir í lokuðu söluferli til tiltekinna fagfjárfesta í öðrum lögsögum, þar sem slíkt er heimilt samkvæmt gildandi lögum og reglum. Bláa Lóninu er ekki kunnugt um hvort einstakir hluthafar, stjórnarmenn eða stjórnendur Bláa Lónsins hyggist skrá sig fyrir hlutum í útboðinu eða hvort einhver aðili hyggist skrá sig fyrir meira en 5% af stærð útboðsins.

4.1 Útgefandi

Útgefandi:	Bláa Lónið hf.
Kennitala:	431023-1130
Lögheimili:	Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík
Höfuðstöðvar:	Urriðaholtsstræti 2-4, 210 Garðabæ
Sími:	+354 420 8800
Vefur:	https://www.blaalonidhf.is
LEI númer:	9845000543899455CV23
Auðkenni:	BLUE
ISIN númer:	IS0000036101

4.2 Fyrirhuguð tímaáætlun útboðsins og útboðstímabil

Tafla 2: Áætluð tímaáætlun útboðsins

Áskriftartímabil hefst:	10. nóvember 2026, kl. 10:00
Áskriftartímabil lýkur:	13. nóvember 2026, kl. 16:00
Tilkynning um niðurstöður útboðsins:	Eigi síðar en 16. nóvember 2026
Tilkynning um úthlutun:	Eigi síðar en 16. nóvember 2026
Gjalddagi og eindagi greiðsluseðla vegna útboðsins:	18. nóvember 2026
Afhending hluta til fjárfesta:	Áætlað eigi síðar en 20. nóvember 2026
Hlutir teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland:	Áætlað eigi síðar en 20. nóvember 2026

Útboðið hefst kl. 10:00 þann 10. nóvember 2026 og lýkur kl. 16:00 þann 13. nóvember 2026.

Framangreindar dagsetningar miðast við að útgefandi geri ekki breytingar á áskriftartímabili, úrvinnsla áskrifta taki ekki skemmri eða lengri tíma en útgefandi gerir ráð fyrir og umsókn útgefanda til Nasdaq Iceland sé svarað innan þeirra tímamarka sem útgefandi gerir ráð fyrir.

Ekki er tekið við áskriftum utan þessa tímabils. Áskriftartímabilið verður ekki stytt. Útgefandi kann að framlengja áskriftartímabil, sé þess krafist skv. lögum vegna birtingar viðauka við lýsingu þessa eða af öðrum orsökum. Útgefandi áskilur sér einhliða rétt til að fresta áskriftartímabilinu. Allar breytingar á áskriftartímabilinu verða tilkynntar opinberlega og auglýstar. Áskriftir fjárfesta að hlutum í Bláa Lóninu sem berast eftir lok útboðsfrests verða felldar niður.

Útgefandi áskilur sér rétt til að falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir öllum boðnum hlutum og verður það þá tilkynnt með niðurstöðum útboðs. Útgefandi mun einnig hafa rétt til þess að falla frá útboðinu ef Nasdaq Iceland hafnar umsókn útgefanda um að taka hluti í Bláa Lóninu til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða samþykkir hana ekki í síðasta

lagi þann 20. nóvember 2026. Útgefandi áskilur sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu Nasdaq Iceland um að hlutabréf í útgefanda verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem útgefandi telur gefa tilefni til þess að ætla að markmið útgefanda með útboðinu náist ekki, t.d. vegna atvika sem varða útboðið sjálft, útgefandann, neikvæða þróun hérlendis eða erlendis í efnahagsumhverfi eða á verðbréfamörkuðum.

Ef útgefandi tekur ákvörðun um að falla frá útboðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í útboðinu sem og úthlutanir á grundvelli þeirra dæmast ógildar. Komi til þess að fallið verði frá útboðinu eða útboðstímabilið framlengt eða því frestað, verður það tilkynnt opinberlega. Komi til þess að útboðstímabilið verði framlengt eða því frestað, verður birtur viðauki við verðbréfalýsingu þessa þar sem gerð verður grein fyrir breytingunni, en jafnframt verða birtar allar mikilvægar nýjar upplýsingar sem komið hafa fram frá staðfestingu verðbréfalýsingar þessarar sem máli skipta fyrir mat fjárfesta á hlutabréfum í útgefanda. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðaukinn er birtur hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki innan tveggja virkra daga frá birtingu viðaukans.

4.3 Umsjónaraðilar almenns útboðs og umsjón með töku til viðskipta

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans og Fyrirtækjaráðgjöf Fossa hafa umsjón með fyrirhuguðu útboði, þ.m.t. markaðssetningu þess og annast sölu í útboðinu. Jafnframt hefur Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans unnið að gerð samantektar, verðbréfalýsingar þessarar og útgefandalýsingar dagsettum 5. nóvember 2026, í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og eru þær byggðar á upplýsingum frá útgefanda. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur umsjón með töku hlutabréfa í útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Samskiptaupplýsingar Landsbankans eru:

Netfang vegna útboðs: bl@landsbankinn.is

Símanúmer: 410-4000

LEI-númer: 549300TLZPT6JELDWM92

Samskiptaupplýsingar Fossa eru:

Netfang vegna útboðs: bl@fossar.is

Símanúmer: 522-4000

LEI-númer: 529900T0SDZCXSN5QS72

4.3.1 Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbóka A og B

Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbókar A veitir Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans hf.

Sími:	+354 410-4040
Netfang:	bl@landsbankinn.is
Frekari upplýsingar:	www.landsbankinn.is/blaalonid

Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbókar B veita Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans og Fyrirtækjaráðgjöf Fossa.

Landsbankinn

Sími:	+354 410-4000
Netfang:	bl@landsbankinn.is

Fossar

Sími:	+354 522 4000
Netfang:	bl@fossar.is

5 Skilmálar og skilyrði útboðsins

5.1 Stærð, skipting og verð í útboði

Með útboðinu hyggst Bláa Lónið selja 150.000.000 nýja hluti í félaginu. Ekki er heimilt að stækka útboðið. Fjárfestar geta valið um tvær áskriftarleiðir í útboðinu: Tilboðsbók A og tilboðsbók B. Tilboðsbækurnar eru ólíkar m.a. hvað varðar stærð áskrifta, verðlagningu og úthlutunarreglur. Helstu skilmála tilboðsbókanna tveggja má lesa hér að neðan og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér ítarlega skilmála útboðsins.

Af því hlutafé sem boðið er til sölu eru 45.000.000 hlutir, eða sem svarar til 30% af heildarframboði í útboðinu, ætlaðir þátttakendum í tilboðsbók A. Á samsvarandi hátt eru 105.000.000 hlutir, eða sem svarar til 70% af heildarframboði í útboðinu, ætlaðir þátttakendum í tilboðsbók B.

Útgefandi áskilur sér þó einhliða rétt til að gera breytingar á framangreindri skiptingu milli tilboðsbóka A og B, hvað varðar heildarstærð hverrar bókar fyrir sig, reynist eftirspurn gefa tilefni til þess þegar til úthlutunar kemur.

Ákvörðun verðs í tilboðsbókunum er í samræmi við neðangreint:

- *Tilboðsbók A*: Fjárfestar gera tilboð á föstu verði 95 kr./hlut. Lágmarksfjárhæð áskriftar er 100.000 kr. og hámarksáskrift er 20.000.000 kr. Fjárfesti er heimilt að skrá fleiri en eina áskrift í tilboðsbók A en samtala þeirra má ekki vera hærri en 20.000.000 kr. Allir hlutir í tilboðsbók A verða seldir á sama verði (hér eftir „**útboðsgengi tilboðsbókar A**“). Útboðsgengi tilboðsbókar A verður ekki hærra en útboðsgengi tilboðsbókar B. Komi til

umframeftirspurnar verða áskriftir í tilboðsbók A skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1.000.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir ef það dugar ekki til.

- *Tilboðsbók B*: Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum yfir 20.000.000 kr. Fjárfesti er heimilt að skrá fleiri en eina áskrift í tilboðsbók B en samtala þeirra má ekki vera hærri en sem nemur heildarstærð útboðsins. Í tilboðsbók B er ekkert hámarksverð áskrifta tilgreint af hálfu seljenda en fjárfestar skulu leggja fram áskriftir á verði sem er jafnt eða hærra en lágmarksverð 95 kr./hlut. Allir hlutir í tilboðsbók B verða seldir á sama verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (hér eftir „**útboðsgengi tilboðsbókar B**"). Áskriftum þar sem verð áskriftar er undir útboðsgengi tilboðsbókar B verður hafnað. Áskriftir sem eru á eða yfir útboðsgengi tilboðsbókar B verða samþykktar, þó þannig að ef umframeftirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir skertar eins og nánar er rakið í kafla 5.4 „Skerðing áskrifta og úthlutun við umframeftirspurn."

Tafla 3: Skipting tilboðsbóka eftir fjölda boðinna hluta

Tilboðsbók	Áskriftarbil	Fjöldi hluta	Lágmarks-verð kr./hlut	Andvirði m.v. lágmarksverð í kr.
A	100.000 - 20.000.000 kr.	45.000.000	95[3]	4.275.000.000
B	Yfir 20.000.000 kr.	105.000.000	95	9.975.000.000
Samtals:		**150.000.000**	**95**	**14.250.000.000**

Heildarsöluandvirði þeirra hluta sem boðnir verða í útboðinu verður því að lágmarki 14.250.000.000 krónur miðað við lágmarksverð í tilboðsbókum A og B.

5.2 Skilyrði fyrir þátttöku

Útboðið er almennt útboð sem beint er til almennra fjárfesta, fagfjárfesta og viðurkenndra gagnaðila og fer eingöngu fram á Íslandi. Hinir seldu hlutir verða ekki markaðssettir eða boðnir til kaups utan Íslands með þeim hætti að um almennt útboð í öðrum lögsögum sé að ræða. Þó kann að vera að hlutir í útboðinu verði seldir í lokuðu söluferli til tiltekinna fagfjárfesta í öðrum lögsögum, þar sem slíkt er heimilt samkvæmt gildandi lögum og reglum. Hlutirnir verða ekki boðnir almenningi utan Íslands.

Þátttaka í útboðinu er heimil öllum þeim einstaklingum sem hafa íslenska kennitölu og eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997, sem og þeim lögaðilum sem hafa íslenska kennitölu og eru ekki ógjaldfærir í skilningi laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, með þeim takmörkunum sem af lögum kunna að leiða. Þar af leiðir að einstaklingum sem ekki hafa náð 18 ára aldri sem og þeim einstaklingum og lögaðilum sem ekki ráða búi sínu sjálfir eða standa í gjaldþrotaskiptum á áskriftartímabilinu er ekki heimil þátttaka í útboðinu.

Fjárfestar sem ekki hafa íslenska kennitölu geta sent inn tilboð í tilboðsbók B í gegnum umsjónaraðila útboðsins. Umsjónaraðilar áskila sér rétt til að krefjast fullnægjandi staðfestingar á gildi tilboða.

[3] Allir hlutir í A-bók verða seldir á föstu verði, 95 kr./hlut.

Það er skilyrði fyrir þátttöku lögaðila í útboðinu að þeir búi yfir alþjóðlegu auðkenni lögaðila (e. Legal Entity Identifier, LEI) og framvísi því við umsjónaraðila fyrir lok áskriftartímabils. Umsjónaraðilar útboðsins munu ógilda áskriftir lögaðila sem ekki búa yfir slíku auðkenni, eða ekki hafa komið því á framfæri við umsjónaraðila, við lok áskriftartímabils.

Ekki eru takmarkanir á þátttöku starfsmanna og stjórnarmanna Bláa Lónsins í útboðinu, uppfylli þau skilyrði sem fram koma hér að ofan.

Starfsfólki Landsbankans hf., fyrir utan starfsfólk Fyrirtækjaráðgjafar og Markaðsviðskipta, er heimil þátttaka í útboðinu en um þátttöku þeirra kunna að gilda strangari reglur en hér er lýst, í samræmi við þær reglur sem gilda um viðskipti starfsmanna Landsbankans í hlutafjárútboðum. Eru starfsmenn Landsbankans hvattir til að leita sér ráðgjafar hjá regluvörslu bankans varðandi þátttöku sína í útboðinu.

Starfsfólki Fossa fjárfestingarbanka hf. er ekki heimil þátttaka í útboðinu. Bannið nær þó ekki til starfsfólks annarra félaga innan samstæðu Skaga hf. Um þátttöku þeirra kunna að gilda strangari reglur en hér er lýst, í samræmi við reglur viðeigandi félaga um einkaviðskipti starfsmanna með fjármálagerninga. Eru starfsmenn annarra dótturfélaga Skaga hf. hvattir til að leita sér ráðgjafar hjá regluverði viðeigandi félags varðandi þátttöku sína í útboðinu.

5.3 Skráning áskrifta og áskriftartímabil

Tekið verður við áskriftum frá kl. 10.00 þann 10. nóvember 2026 til kl. 16.00 þann 13. nóvember 2026. Áskriftir sem kunna að berast utan þess tímaramma teljast ekki gildar og verða felldar niður.

Áskriftum skal skilað í gegnum sérstakan rafrænan áskriftarvef sem aðgengilegur verður fjárfestum á vef www.landsbankinn.is/blaalonid, við upphaf útboðsins. Áskriftarvefurinn verður bæði á íslensku og ensku. Ekki verður tekið við áskriftum á öðru formi og ekki er tekið við áskriftum í útboðinu sem innihalda fyrirvara.

Á meðan á áskriftartímabilinu stendur er fjárfestum heimilt að breyta áskrift sem þeir hafa þegar lagt fram í útboðinu með því að leggja fram annað tilboð eða fella niður tilboð sem þegar hefur verið lagt fram. Allar áskriftir sem hafa ekki verið felldar niður á áskriftartímabilinu eru skuldbindandi fyrir viðkomandi fjárfesti í lok áskriftartímabilsins. Í útboðinu er hverjum fjárfesti heimilt að skila inn fleiri en einni áskrift á sömu kennitölu, hvort sem er í tilboðsbók A eða B, innan þeirra marka sem lýst er í kafla 5.1 „Stærð, skipting og verð í útboði“.

Á áskriftarformi lýsir fjárfestir því yfir að hann:

1. Geri sér grein fyrir þeirri áhættu sem fólgin er í fjárfestingu í hlutabréfum almennt sem og hlutabréfum í Bláa Lóninu, þar með talið áhættu sem fylgir rekstri Bláa Lónsins;
2. geri sér grein fyrir að allar áskriftir hans sem ekki eru afturkallaðar fyrir lok áskriftartímabils eru bæði skuldbindandi og endanlegar;
3. hafi kynnt sér þá skilmála sem um útboðið gilda og settir eru fram í verðbréfalýsingu þessari og að hann hafi kynnt sér þær upplýsingar sem settar eru fram um hlutina og útgefanda þeirra í lýsingu dagsettri þann 5. nóvember 2026, sem verðbréfalýsing þessi er hluti af;

4. geri sér grein fyrir því að áskrift hans felur í sér móttöku, miðlun og framkvæmd fyrirmæla, samkvæmt lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga og að hann átti sig á að umsjónaraðila er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og fjárfesting í hlutabréfum sé viðeigandi fyrir hann og að hann njóti því ekki verndar skv. fyrrnefndum lögum;
5. hafi kynnt sér og skilið reglur Landsbankans og Fossa fjárfestingarbanka um hagsmunaárekstra og að hann sé meðvitaður um alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í lýsingu Bláa Lónsins dagsettri þann 5. nóvember 2026, sem verðbréfalýsing þessi er hluti af;
6. geri sér grein fyrir að hann verður að eiga vörslureikning (VS-reikning) hjá vörsluaðila til þess að mögulegt sé að afhenda honum þá hluti sem hann kaupir í útboðinu; og
7. gefi umsjónaraðila leyfi til að deila persónuupplýsingum með þeim vörsluaðila sem fjárfestir tilgreinir, í þeim tilgangi að afhenda hluti sem fjárfesti kann að verða afhentir við uppgjör viðskipta. Fjárfestir er einnig meðvitaður um að persónuupplýsingum kann að vera deilt á milli umsjónaraðila, í þeim tilgangi að miðla og framkvæma fyrirmæli. Frekari upplýsingar um persónuverndarstefnu Landsbankans og Fossa er að finna á vef þeirra. Þá er fjárfestir meðvitaður um að persónuupplýsingum kann að vera deilt með Kóða ehf., kt. 590109-1420, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, sem hýsir áskriftarkerfi útboðsins.

Fjárfestir skal tilgreina þann vörsluaðila sem hann óskar eftir að móttaki þá hluti sem honum kunna að verða afhentir við uppgjör viðskipta. Með vörsluaðila er átt við reikningsstofnun sem hefur gildan aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og hlotið hefur starfsleyfi í samræmi við 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Sjá nánar kafla 5.6.1 „Skylda til að eiga vörslureikning“.

Landsbankinn mun annast innheimtu og uppgjör vegna útboðsins. Hvorki umsjónaraðili né útgefandi munu leggja kostnað á fjárfesta vegna viðskiptanna. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér sérstaklega hvort kostnaður muni falla á þá frá öðrum aðilum vegna útboðsins, svo sem vörslugjöld frá þeim vörsluaðila sem fjárfestir tilgreinir.

5.3.1 Skráning áskrifta

Til að geta skilað áskrift verður fjárfestir að skrá sig inn í viðeigandi tilboðsbók A eða B á áskriftarvef, með einhverjum af eftirfarandi aðgangsauðkennum:

1. Með rafrænum skilríkjum í farsíma;
2. með kennitölu og lykilorði sem hann óskar eftir á áskriftarvefnum og verður sent sem rafrænt skjal í netbanka hans[4], sem getur verið í hvaða íslenska viðskiptabanka sem er; eða
3. með kennitölu og lykilorði sem hann getur nálgast hjá umsjónaraðila útboðsins gegn undirritun vottaðrar umsóknar um lykilorð eða gegn annarri staðfestingu sem umsjónaraðili útboðsins metur fullnægjandi.

[4] Bent er á að eðlilegt er að það geti tekið nokkrar mínútur fyrir skjalið að berast í netbanka.

Að skráningu áskriftar lokinni fær fjárfestir senda staðfestingu á áskriftinni með tölvupósti, á það netfang sem hann tilgreindi á áskriftarformi sínu. Rafræn staðfesting er forsenda fyrir gildri áskrift. Berist hún ekki, getur fjárfestir ekki verið viss um að áskrift hans hafi borist og er bent á að hafa samband við umsjónaraðila útboðsins áður en áskriftartímabilinu lýkur, þ.e. fyrir kl. 16.00 þann 13. nóvember 2026.

Á áskriftarvefnum skal fjárfestir tilgreina þá fjárhæð sem hann hyggst kaupa hluti fyrir. Sé fjárhæð kaupverðs fjárfestis ekki jafngildi heillar tölu hluta verður fjárhæðin námunduð niður þannig að hún samsvari næstu lægri heilli tölu hluta.

Heimilt er að skrá margar áskriftir fyrir hverja kennitölu í hverja tilboðsbók innan þeirra marka sem lýst er í kafla 5.1 „Stærð, skipting og verð í útboði“. Heimilt er að skrá áskriftir í fleiri en eina tilboðsbók.

5.3.1.1 Viðskiptavakar

Leitast verður við að tryggja viðskiptavökum hluti í útboðinu sem nema að andvirði allt að 100 m.kr. samanlagt, á útboðsgengi tilboðsbókar B. Áskriftir viðskiptavaka vegna þessarar úthlutunar verða gerðar í tilboðsbók B. Viðskiptavakar geta þar að auki skilað áskriftum í báðar tilboðsbækur útboðsins í gegnum áskriftarvef útboðsins og gilda engar sérreglur um þá úthlutun, verð eða aðra skilmála vegna þeirra áskrifta. Nánar má lesa um fyrirkomulag viðskiptavaktar eftir að hlutabréfin hafa verið tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland í kafla 6 „Viðskiptavakt“.

5.3.1.2 Eignastýringaraðilar

Fjármálastofnunum sem sinna eignastýringu, skv. c. lið 6. tl. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er gefinn kostur á að skila áskriftum í tilboðsbók A og/eða tilboðsbók B fyrir hönd eins eða fleiri fjárfesta beint í áskriftarkerfið með því að fylla út sérstakt eyðublað sem finna má í áskriftarkerfi útboðsins og hlaða því útfylltu upp í áskriftarkerfið. Eignastýringaraðili skal þá fylla út eyðublaðið annaðhvort sundurliðað niður á hvert og eitt nafn eða með einni samtölu. Ef áskrift er lögð fram sem ein samtala þarf starfsmaður viðkomandi eignastýringar að skila til umsjónaraðila upplýsingum um fjölda fjárfesta að baki áskriftinni. Umsjónaraðilar áskila sér rétt til þess að gera að skilyrði gildrar áskriftar að starfsmaður viðkomandi eignastýringar afhendi lista með upplýsingum um nöfn og kennitölur fjárfesta sem standa að baki áskrift sem gerð er á fyrrgreindu áskriftarformi.

Umsjónaraðilar áskilja sér rétt til þess að kalla eftir staðfestingu á því að viðkomandi eignastýring hafi heimild og fullnægjandi umboð frá fjárfesti til þátttöku í útboðinu fyrir hans hönd og að viðkomandi fjármálastofnun ábyrgist greiðslu kaupverðs. Úthlutun verður háttað eins og um margar sjálfstæðar áskriftir væri að ræða í samræmi við sundurliðaðar upplýsingar viðkomandi eignastýringar á áskriftarformi varðandi skiptingu áskrifta og fjölda fjárfesta sem að baki áskriftinni standa. Vakin er athygli á því að fjárfestum er heimilt að skila áskrift í eigin nafni auk áskriftar í gegnum viðkomandi eignastýringu.

5.3.1.3 Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna skráningar áskrifta

Landsbankinn og Fossar munu veita upplýsingar í tengslum við útboðið sem og tæknilegar upplýsingar er varða áskriftarvefinn. Upplýsingar verða veittar í síma á milli kl. 10:00 og kl. 16:00 fyrsta áskriftardaginn, en á milli kl. 9:00 og kl. 16:00 annan, þriðja og síðasta

áskriftardaginn, þann 13. nóvember 2026. Upplýsingar um símanúmer Landsbankans og Fossa má nálgast í kafla 4.3.1 „Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbóka A og B“ í verðbréfalýsingu þessari.

5.3.2 Staðfesting á greiðslugetu og/eða tryggingu fyrir greiðslu

Umsjónaraðilar áskilja sér rétt til að krefjast staðfestingar á greiðslugetu eða tryggingar fyrir greiðslu áskrifta frá fjárfestum. Verði fjárfestir ekki við þessari kröfu umsjónaraðila innan þess frests sem gefinn er, áskilja umsjónaraðilar, í samráði við útgefanda, sér einhliða rétt til að ógilda áskrift viðkomandi fjárfestis að hluta eða í heild. Umsjónaraðilar meta einhliða hvort staðfesting á greiðslugetu eða trygging er fullnægjandi. Umsjónaraðilar eru ekki skuldbundnir til að gefa upp á hverju ákvörðun byggir og fjárfesti gefst ekki kostur á að andmæla ákvörðuninni eða gildi hennar. Með staðfestingu á greiðslugetu er t.d. átt við stöðuyfirlit innlánsreiknings í banka eða verðbréfareiknings, staðfestingu fjármálastofnunar á fjármögnun eða yfirlýsingu frá löggiltum endurskoðanda, eða aðra þá staðfestingu sem umsjónaraðili metur nægjanlega. Með tryggingu er t.d. átt við veð í innlánsreikningi í banka eða verðbréfareikningi eða ábyrgðaryfirlýsingu frá fjármálastofnun, eða aðra tryggingu sem umsjónaraðili metur nægjanlega. Við skilvísa greiðslu áskriftar fellur trygging niður.

5.4 Skerðing áskrifta og úthlutun við umframeftirspurn

Ákvörðun um skiptingu boðinna hluta milli tilboðsbóka og úthlutun verður í höndum útgefanda. Ráðgjafar verða útgefanda til ráðlegginga varðandi framangreint. Ef umframeftirspurn verður í útboðinu getur útgefandi ákveðið að breyta stærðum tilboðsbóka og/eða skert áskriftir í útboðinu. Útgefandi áskilur sér rétt til þess að breyta innbyrðis stærð tilboðsbóka reynist eftirspurn gefa tilefni til þess og að teknu tilliti til markmiða útboðsins. Ef kemur til skerðingar á áskriftum gildir eftirfarandi varðandi úthlutun áskrifta.

- Í tilboðsbók A verða áskriftir skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1.000.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir ef það dugar ekki til.
- Leitast verður við að skerða ekki áskriftir starfsmanna félagsins upp að fjárhæð 5.000.000 kr.

Í tilboðsbók B verða áskriftir sem eru á eða yfir útboðsgengi tilboðsbókar B samþykktar, þó þannig að ef um umframeftirspurn verður að ræða í þessum hluta útboðsins verða áskriftir skertar. Við skerðingu í tilboðsbók B verða áskriftir metnar á grundvelli verðs. Þannig verður leitast við að skerða ekki áskriftir sem eru yfir útboðsgengi tilboðsbókar B en þær áskriftir sem eru á útboðsgengi tilboðsbókar B verða skertar hlutfallslega með tilliti til fjárhæðar áskrifta á því gengi. Öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á föstu gengi, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum. Við úthlutun getur útgefandi, að fenginni ráðgjöf umsjónaraðila, tekið tillit til þess hvenær bindandi áskriftarloforð barst í tilboðsbókina. Markmiðið er að stuðla að tímanlegri og upplýstri verðmyndun. Þetta sjónarmið verður eingöngu beitt samhliða öðrum fyrirfram birtum úthlutunarviðmiðum og með sanngjörnum, gagnsæjum og samræmdum hætti.

Áskriftir viðskiptavaka aðrar en þær sem koma fram í kafla 5.3.1.1 „Viðskiptavakar“ verða skertar með sama hætti og aðrar áskriftir í tilboðsbók B komi til umframeftirspurnar.

Jafnvel þótt leitast verði við að skerða áskriftir ekki niður fyrir framangreind mörk áskilur útgefandi sér rétt til þess að skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem hann telur æskilegt til að ná fram markmiðum útboðsins. Útgefandi áskilur sér enn fremur rétt til þess að víkja frá meginreglum varðandi úthlutun og skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem hann telur æskilegt, þ.m.t. að hafna áskriftum að hluta til eða í heild án frekari skýringa. Ákvörðun útgefanda um skerðingar og úthlutun til fjárfesta er endanleg og hafa fjárfestar ekki rétt á frekari rökstuðningi fyrir úthlutun né geta þeir andmælt ákvörðun um skerðingar og úthlutun.

5.5 Tilkynning um niðurstöðu almenns útboðs

Fyrirhugað er að birta niðurstöður útboðsins, selt magn og verð, opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu í síðasta lagi mánudaginn 16. nóvember 2026. Tilkynningin verður jafnframt birt á vef Bláa Lónsins, https://www.blaalonidhf.is/. Fyrrgreind dagsetning er birt með þeim fyrirvara að engar breytingar séu gerðar á dagsetningum áskriftartímabils sem tilgreint er í kafla 4.2 „Fyrirhuguð tímaáætlun útboðsins og útboðstímabil“ og að framkvæmd útboðsins sé í samræmi við áætlun. Nasdaq Iceland mun tilkynna síðar hvort það staðfesti umsókn um töku hlutabréfa Bláa Lónsins til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

5.6 Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og afhending hluta

Eftir að niðurstaða útboðsins hefur verið tilkynnt opinberlega munu fjárfestar geta nálgast upplýsingar um úthlutun í áskriftarkerfinu, á vefsíðu útboðsins www.landsbankinn.is/blaalonid með því að nota sömu aðgangsauðkenni og notuð voru við skráningu áskrifta í útboðinu, eigi síðar en mánudaginn 16. nóvember 2026. Greiðslufyrirmæli verða í formi rafrænna innheimtukrafna sem aðgengilegar verða í netbönkum. Áætlaður fyrsti viðskiptadagur í kauphöll er 20. nóvember 2026. Athygli er vakin á því að hlutabréf í Bláa Lóninu geta skipt um hendur áður en niðurstaða um úthlutun hefur borist fjárfestum.

Greiðslufyrirmæli verða einungis gefin út vegna þeirra hluta sem hverjum fjárfesti hefur verið úthlutað. Fjárfestum verður því ekki gert að greiða fyrir hluti sem ekki er úthlutað til þeirra vegna skerðingar áskrifta og myndast almennt ekki krafa til endurgreiðslu umframfjárhæða af þeim sökum.

Gjalddagi og eindagi innheimtukrafna vegna útboðsins er fyrirhugaður 18. nóvember 2026.

Innheimtukröfur sem enn eru ógreiddar að eindaga liðnum verða annaðhvort felldar niður og áskriftir og úthlutanir tengdar þeim þá felldar úr gildi eða innheimtar með fullnægjandi hætti í samræmi við meginreglur íslensks samninga- og kröfuréttar, að viðbættum dráttarvöxtum, sbr. lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, og innheimtukostnaði. Umsjónaraðilar ákveða, í samráði við útgefanda, hvaða leið verður farin. Verði áskrift og úthlutun felld úr gildi vegna vangreiðslu verða þeir nýju hlutir sem úthlutunin tók til ekki gefnir út á grundvelli hennar. Útgefanda er þá heimilt, að því marki sem heimild til hlutafjárhækkunar og skilmálar útboðsins leyfa, að bjóða öðrum fjárfestum hlutina eða ráðstafa þeim með öðrum hætti.

Landsbankinn hefur milligöngu um móttöku greiðslu og afhendingu hluta. Hlutir verða afhentir fjárfesti eftir að fullnægjandi greiðsla hefur borist frá viðkomandi fjárfesti og er áformað að afhending hluta fari fram eigi síðar en þann 20. nóvember 2026. Hlutir í Bláa Lóninu verða

afhentir rafrænt í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Vörsluaðilar munu móttaka hluti inn á vörslureikning viðkomandi fjárfestis í samræmi við upplýsingar frá umsjónaraðila.

Fáist ekki áskrift að öllum þeim hlutum sem boðnir eru í útboðinu, eða hafi Nasdaq Iceland ekki samþykkt umsókn Bláa Lónsins um töku hluta í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland þegar til stendur að afhenda hlutina, áskilur útgefandi sér rétt til að fella útboðið niður og fella allar áskriftir og úthlutanir úr gildi. Í því tilviki verða nýir hlutir ekki gefnir út á grundvelli útboðsins. Komi til þess að útboðið verði fellt niður verður haft samband við þá fjárfesta sem greitt hafa innheimtukröfur, á það tölvupóstfang sem þeir tilgreindu í áskrift sinni, og þeim í kjölfarið endurgreitt. Slíkar endurgreiðslur eru ekki bættar með vöxtum, verðbótum eða að neinu öðru leyti.

Væntanlegur útgáfudagur hinna nýju hluta sem seldir verða í útboðinu er 19. nóvember 2026. Þann 20. nóvember er fyrirhugað að viðskipti með bréfin hefjist á Nasdaq Iceland.

5.6.1 Skylda til að eiga vörslureikning

Landsbankinn hefur milligöngu um móttöku greiðslu og afhendingu hluta vegna útboðsins. Afhending hluta er áætluð eigi síðar en 20. nóvember 2026 að undangenginni greiðslu samkvæmt greiðslufyrirmælum og verða hlutirnir færðir á vörslureikning viðkomandi fjárfestis hjá þeim vörsluaðila sem fjárfestir hefur tilgreint í áskrift sinni. Fjárfestum er bent á að ganga úr skugga um að þeir eigi virkan vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem þeir tilgreina í áskrift sinni, svo afhending hluta gangi greiðlega fyrir sig.

Eigi fjárfestir ekki vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem hann tilgreinir í áskriftarkerfi áskilur Landsbankinn sér rétt til að stofna vörslureikning í nafni fjárfestis hjá Landsbankanum, svo unnt sé að afhenda hluti fjárfestis í samræmi við framangreint. Jafnframt áskilur Landsbankinn sér rétt til að innheimta gjald af fjárfesti fyrir vörslu hlutanna í samræmi við verðskrá Landsbankans sem aðgengileg er á https://www.landsbankinn.is/vextir-og-verdskra. Fjárfestir mun ekki geta átt viðskipti með eða ráðstafað þeim hlutum sem afhentir eru inn á slíkan vörslureikning sem stofnaður er með framangreindum hætti í hans nafni nema hann hafi afhent þau gögn og veitt þær upplýsingar sem Landsbankinn krefst til stofnunar vörslureiknings með fullnægjandi hætti, þar á meðal vegna áreiðanleikakönnunar samkvæmt lögum nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

5.7 Áætlaður kostnaður og hreint söluandvirði

Áætlaður heildarkostnaður vegna sölu hlutafjár í útboðinu og töku alls hlutafjár til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er um 266 m.kr. og samanstendur m.a. af þóknun umsjónaraðila, kostnaði vegna staðfestingar og birtingar lýsingar, kostnaði vegna markaðssetningar útboðs, skráningargjöldum Nasdaq Iceland og Nasdaq verðbréfamiðstöðvar og aðkeyptri sérfræðiþjónustu í aðdraganda skráningar.

Áætluð nettófjárhæð söluandvirðis útboðsins, m.v. að allir hlutir í útboðinu verði seldir á lágmarksverði beggja tilboðsbóka útboðsins, er 13.984 m.kr. Áætlað söluandvirði útboðsins að frádregnum kostnaði við útboðið samkvæmt framansögðu mun mynda fjárstreymi til félagsins. Söluandvirði útboðsins verður nýtt til að styðja við fjárfestingarverkefni Bláa Lónsins svo sem í Þjórsárdal og Hoffelli, styrkja efnahagsreikning félagsins og fjármagna almennan rekstur og vaxtaráform þess.

5.8 Taka hlutabréfa Bláa Lónsins til viðskipta

Hlutabréf í Bláa Lóninu hafa ekki áður verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, markaðstorgi fjármálagerninga, vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða markaði þriðja lands. Bláa Lónið mun sækja um að allir útgefnir hlutir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Nasdaq Iceland mun fara yfir umsóknina og niðurstöður fyrirhugaðs almenns útboðs á hlutum í útgefanda þegar þær liggja fyrir og, verði umsóknin samþykkt, birta opinberlega hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur hlutanna á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland verður. Nasdaq Iceland tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

6 Viðskiptavakt

Bláa Lónið hefur gert samninga um viðskiptavakt á hlutum í félaginu við Landsbankann og Arion banka (saman „**viðskiptavakar**“) sem annast viðskiptavakt fyrir eigin reikning gegn þóknun frá útgefanda. Viðskiptavakar setja fram kaup- og sölutilboð alla viðskiptadaga í viðskiptakerfi Nasdaq Iceland í samræmi við skilmála viðskiptavakasamninga og gildandi reglur markaðarins.

Fjárhæð kaup- og sölutilboða sem Arion banki leggur fram, skal vera að lágmarki 40.000 hlutir í útgefanda, á gengi sem viðskiptavaki ákveður í hvert skipti. Tilboðin skulu vera í tveimur pörtum þannig að verðbil kaup- og sölutilboða sem varða 38.000 hluti, A partur, skal ákvarðað með hliðsjón af verðskrefatöflu Kauphallarinnar eins og hún er hverju sinni, á þann veg að verðbil verði sem næst 2,00% en þó ekki lægra en 1,95%. Verðbil kaup- og sölutilboða sem varða 2.000 hluti, B partur, skal ákvarðað með hliðsjón af verðskrefatöflu Kauphallarinnar eins og hún er hverju sinni, á þann veg að verðbil verði ekki hærra en 1,50%. Þó skal Arion banka vera heimilt að setja fram kaup- og sölutilboð í bæði A part og B part með lægra verðbili en að framan greinir. Eigi Arion banki innan sama viðskiptadags viðskipti með hluti útgefanda, sem fara í gegnum veltubók Arion banka, sem nema samtals 25 m.kr. að markaðsvirði eða meira, falla niður framangreindar skyldur um hámarksmun kaup- og sölutilboða innan þess dags. Ef verðbreyting á hlutabréfum útgefanda innan viðskiptadags er umfram 5% er Arion banka heimilt að tvöfalda framangreind verðbil og ef verðbreyting á hlutabréfunum er umfram 10% er Arion banka heimilt að þrefalda þau.

Fjárhæð kaup- og sölutilboða sem Landsbankinn leggur fram, skal vera að lágmarki ISK 15 milljónir kr. að markaðsvirði. Tilboð skulu endurnýjuð eins fljótt og unnt er, þó ávallt innan 10 mínútna eftir að þeim er tekið að fullu. Hámarksmagn sem Landsbankinn er skuldbundinn til að kaupa eða selja á hverjum degi er ISK 30 milljónir kr. að nettó markaðsvirði sem reiknast sem mismunur á þeim kaup- og sölutilboðum viðskiptavakans sem gengið er að. Sé hámarksmagni dagsins náð, fellur niður skylda viðskiptavakans til að setja fram tilboð á þeirri hlið sem fyllt hefur verið, þar til gengið hefur verið á tilboð viðskiptavakans á mótlægri hlið og nettó viðskiptamagn er aftur komið undir daglegt hámark. Magnvegið hámarksverðbil milli kaup- og sölutilboða Landsbankans ákvarðast af 10 daga flökti verðs hlutabréfa Bláa Lónsins eins og það mælist á hverjum tíma og birt er í upplýsingakerfi Bloomberg. Í þeim tilvikum sem reiknað flökt uppfærist ekki í kerfi Bloomberg gildir útreikningur viðskiptavaka.

Tafla 4: Hámarksverðbilið er sett fram í eftirfarandi töflu

10 daga flökt	Magnvegið verðbil
<30%	1,5%
>=30%	3,0%

Fyrstu 10 viðskiptadaga eftir að hlutabréf útgefin af Bláa Lóninu eru tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland með auðkennið BLUE verður magnvegið verðbil þó ekki yfir 1,5%.

Landsbankanum er heimilt að leggja fram fleiri en eitt tilboð á bæði kaup- og söluhlið og reiknast verðbilið sem magnvegið meðaltal allra tilboða hans.

7 Hlutabréfaflokkurinn

7.1 Hlutafé

Hlutabréf félagsins eru gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutaféð er gefið út í íslenskum krónum. Útgefið hlutafé Bláa Lónsins nemur 874.763.489 krónum og er hver hlutur í félaginu 1 króna að nafnverði, eftir því sem hver einstakur hluthafi á í félaginu á hverjum tíma. Á dagsetningu þessarar lýsingar á félagið 129.088 eigin hluti. Allir útgefnir hlutir hafa þegar verið greiddir. Auðkenni hlutabréfa Bláa Lónsins hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð er BLUE og ISIN númer IS0000036101.

Samkvæmt 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er hlutafélagi heimilt að eignast allt að 10% af heildarhlutafé sínu á hverjum tíma. Félag getur þó aðeins eignast eigin hluti samkvæmt heimild hluthafafundar til handa stjórn félagsins. Óheimilt er að nota atkvæði sem fylgja eigin hlutum og skulu þau talin frá við ákvörðun atkvæðamagns í félaginu. Heimildin verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en fimm ára.

7.2 Ákvæði um hækkun og lækkun hlutafjár

Að jafnaði er hækkun hlutafjár háð ákvörðun hluthafafundar og þarf til hennar sama atkvæðamagn og til breytinga á samþykktum félagsins. Hluthafar hafa að jafnaði forgangsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína, nema hluthafafundur ákveði annað eða hluthafar afsali sér þeim rétti. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár. Þrátt fyrir framangreint hefur stjórn félagsins sérstakar heimildir samkvæmt 3. og 4. mgr. 5. gr. samþykkta félagsins til að hækka hlutafé án forgangsréttar hluthafa.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. er stjórn heimilt að hækka hlutafé um allt að 15.000.000 kr. að nafnverði til að mæta kaupréttarsamningum við stjórnendur félagsins. Heimildin gildir til 10. apríl 2030.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. er stjórn heimilt að hækka hlutafé um allt að 326.000.000 kr. að nafnverði til að efna kaupsamninga sem stjórn félagsins hefur gert við hluthafa Arctic Adventures um kaup á öllu hlutafé í því félagi, við Kjálkanes ehf. um kaup á 36,78% hlutafjár í Norðurböðum hf., við Kjálkanes ehf. um kaup á 42,84% hlut í Sjóböðum ehf. og við Höld - Baðfélag ehf. um kaup á 11,59% hlutafjár í Norðurböðum hf., allt gegn afhendingu hluta í Bláa Lóninu. Heimildin er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins að því marki sem það á við. Stjórn

er jafnframt heimilt að nýta heimildina til frekari kaupa á hlutafé í Norðurböðum hf. og Jarðböðunum hf., náist samningar um þau kaup á sömu forsendum og í framangreindum viðskiptum. Heimildin gildir til 31. desember 2028. Á dagsetningu lýsingar hafa öll skilyrði í kaupsamningi vegna kaupa félagsins á Arctic Adventures, þar á meðal samþykki Samkeppniseftirlitsins, verið uppfyllt.

Á hluthafafundi félagsins þann 30. október 2026 voru samþykktar breytingar á 5. gr. samþykkta Bláa Lónsins. Breytingarnar heimila stjórn félagsins annars vegar að hækka hlutafé í félaginu um allt að 47.000.000 kr. að nafnverði, með áskrift nýrra hluta í því skyni að mæta kaupréttarsamningum sem stjórn félagsins kann að gera við starfsmenn félagsins og dótturfélaga í samræmi við kaupréttaráætlun sem hluthafafundur félagsins hefur samþykkt og hlotið hefur staðfestingu ríkisskattstjóra í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Hins vegar voru einnig samþykktar breytingar sem heimila stjórn Bláa Lónsins að auka hlutafé í félaginu um allt að 150.000.000 kr. að nafnverði, með útgáfu nýrra hluta í tengslum við útboð og skráningu hlutabréfa félagsins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Hluthafar félagsins hafa ekki forgangsrétt á hlutum sem gefnir eru út í samræmi við þessar heimildir.

7.3 Réttindi tengd hlutabréfum í Bláa Lóninu

Samkvæmt samþykktum Bláa Lónsins tilheyra allir útgefnir hlutir í Bláa Lóninu sama flokki og eru jafn réttháir, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma.

Hlutabréf í Bláa Lóninu eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Útskrift frá Nasdaq verðbréfamiðstöð telst fullnægjandi grundvöllur hlutaskrár í samræmi við ákvæði laga um verðbréfamiðstöðvar og samþykktir félagsins. Arðgreiðslur og tilkynningar skulu berast til þess aðila sem hverju sinni er skráður eigandi viðkomandi hluta hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð.

Samkvæmt 8. gr. samþykkta Bláa Lónsins eru engar takmarkanir á framsali eða meðferð hluta í félaginu og er hluthöfum heimilt að selja eða veðsetja hluti sína án samþykkis félagsstjórnar. Eigendaskipti og skráning réttinda yfir hlutum fara eftir lögum nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og reglum settum á grundvelli þeirra.

Þrátt fyrir framangreint kunna lögbundnar takmarkanir á eignarhaldi eða kaupum á hlutum í félaginu að eiga við, meðal annars samkvæmt lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, eftir því sem starfsemi félagsins eða félaga í samstæðu þess fellur undir gildissvið þeirra laga eða sérlaga. Jafnframt geta lög nr. 84/2026, um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, sem taka gildi 1. janúar 2027, eftir atvikum leitt til tilkynningar- eða samþykkisskyldu vegna erlendra fjárfestinga.

Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær skráning reikningsstofnunar í kerfi verðbréfamiðstöðvar er framkvæmd. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni, skv. 6. gr. laga um verðbréfamiðstöðvar. Eigendaskipti og framkvæmd þeirra skal vera samkvæmt ákvæðum framangreindra laga. Hluthafi getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eignarhald sitt.

Eigandi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema hluturinn hafi verið skráður á hans nafn í hlutaskrá útgefandans í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Eigendur hlutanna eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forkaupsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot félagsins í samræmi við hlutafjáreign nema lög og samþykktir kveði á um aðra skipan.

Þegar hlutur hefur verið að fullu greiddur skal hluthafi fá rafbréf útgefið í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning hluthafa þau réttindi sem samþykktir útgefanda og lög mæla fyrir um á hverjum tíma. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og reglum settum á grundvelli þeirra er óheimilt að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja slík réttindi með öðrum hætti en lög mæla fyrir um, og eru slík viðskipti ógild.

Engin sérstök innlausnarákvæði gilda um hlutabréfin umfram þau sem leiða af lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og eftir atvikum lögum nr. 108/2007, um yfirtökur. Nánar er fjallað um innlausnarskyldu og innlausnarrétt í kafla 7.6 „Innlausnarskylda og -réttur“.

7.4 Arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum

Á stjórnarfundi Bláa Lónsins, sem haldinn var 23. september 2026, markaði stjórn félagsins þá stefnu að stefnt sé að því að Bláa Lónið hf. greiði hluthöfum sínum árlegan arð sem nemur 25-50% af hagnaði næstliðins rekstrarárs. Við ákvörðun arðgreiðslna verður m.a. tekið mið af fjármagnsskipan, lausafjárstöðu, fjárfestingarþörf, rekstrarhorfum, óvissu í rekstrarumhverfi og öðrum þáttum sem hafa áhrif á langtímahagsmuni félagsins og hluthafa. Markmið arðgreiðslustefnu Bláa Lónsins hf. er að skila hluthöfum reglulegri og fyrirsjáanlegri arðsemi af fjárfestingu sinni, samhliða því að viðhalda fjárhagslegum styrk og styðja við áframhaldandi vöxt félagsins.

Stjórn útgefanda lagði til við aðalfund félagsins, sem haldinn var 19. mars 2026, að ekki yrði greiddur arður vegna hagnaðar ársins 2025. Tillagan var samþykkt og var hagnaður ársins því færður til hækkunar eigin fjár. Útgefandi hefur ekki greitt arð á því tímabili sem fjárhagsupplýsingarnar ná til.

Á aðalfundi skal tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á næstliðnu reikningsári. Útgefandi er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, varðandi fjárhæð sem félaginu er heimilt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laganna er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar.

Hlutafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Félagið mun fylgja reglum fyrir útgefendur hlutabréfa, (e. Nordic Main Market Rulebook for Issuers of

Shares), ásamt íslenskum viðauka, sem Nasdaq Iceland gefur út og gilda á hverjum tíma[5]. Samkvæmt lið 3.11.3 í núgildandi reglum frá 6. júní 2026 skal útgefandi birta á vefsvæði sínu fjárhagsdagatal þar sem meðal annars skal tilgreina útborgunardag arðs. Einnig skal taka fram í ársuppgjöri félagsins tillögu stjórnar að arðsúthlutun.

Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga en samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fyrnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda.

Bláa Lónið á 129.088 eigin hluti í félaginu sem er 0,01% af heildarhlutafé. Aðalfundur útgefanda, sem haldinn var 19. mars 2026, veitti stjórn félagsins heimild til kaupa á eigin hlutum í félaginu, sem nemur allt að 26.500.000 krónum að nafnverði, að lágmarki á nafnverði en að hámarki á genginu 80 krónum fyrir hvern 1 kr. nafnverðshlut. Heimildin gildir fram til aðalfundar félagsins 2027, en þó ekki lengur en til 30. júní 2027, en fellur þá niður að því marki sem hún er enn ónotuð. Heimildin takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma í samræmi við 55. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Samkvæmt 9. gr. í samþykktum félagsins er félaginu óheimilt að veita lán út á hluti sína. Ekki má nota atkvæði sem fylgja hlutum sem félagið á sjálft og skulu þau atkvæði talin frá við ákvörðun atkvæðamagns í félaginu.

7.5 Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 108/2007, um yfirtökur hvílir á aðila sem hefur beint eða óbeint náð yfirráðum í félagi, þar sem flokkur verðbréfa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum markaði, skylda til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð.

Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. Hafi samanlagt eignast a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félaginu;
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu; eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar í félaginu.

Yfirtökutilboð skal gert eigi síðar en fjórum vikum eftir að aðili vissi eða mátti vita um tilboðsskyldu eða niðurstaða um hana lá fyrir. Samkvæmt 103. gr. laga nr. 108/2007, um yfirtökur, skal tilboðsgjafi bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutaflokki sömu skilmála. Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð. Engir hluthafar á dagsetningu lýsingar fara með yfir 30% atkvæðisrétt í útgefanda, sem er yfir skilgreindum mörkum yfirráða í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um yfirtökur.

[5] Nasdaq_Nordic_Main_Market_Rulebook_for_Issuer_of_Shares_Copenhagen_suppl.pdf

7.6 Innlausnarskylda og réttur

Samkvæmt 22. gr. í samþykktum Bláa Lónsins þurfa hluthafar ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars. Í 25. gr. í samþykktum félagsins segir m.a. að þar sem ákvæði samþykktanna segja ekki til um vísast til laga um hlutafélög nr. 2/1995, svo og annarra lagaákvæða er við geta átt. Í 24. gr. laga um hlutafélög er kveðið á um að ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Samkvæmt 26. gr. laga um hlutafélög getur hver einstakur annar hluthafi krafist innlausnar, að sömu skilyrðum uppfylltum. Í þessu samhengi er einnig rétt að vísa til 110. gr. laga nr. 108/2007, um yfirtökur, en þar kemur fram að ef hluthafi og aðilar sem hann er í samstarfi við eiga meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ráða yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Einnig geta aðrir hluthafar krafist þess að sá/þeir hluthafar sem eiga yfir 90% hlutafjár í samstarfi eða einir leysi til sín hlutabréf þeirra hluthafa sem þess krefjast. Enginn einstakur hluthafi fer með 9/10 hlutafjár eða atkvæðisrétt í félaginu. Útgefanda er ekki kunnugt um samstarf neinna hluthafa sem samtals fara með að lágmarki 9/10 hlutafjár eða atkvæðisrétt í félaginu.

7.7 Slit, skipti eða samruni á félaginu

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum félagsins, sbr. 24. gr. samþykkta félagsins. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Tillögu um sameiningu félagsins við annað félag eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi nema hennar hafi verið getið í fundarboði, sbr. 14. gr. samþykkta félagsins. Um samruna fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

7.8 Skattaleg atriði

Hér fyrir neðan er almenn samantekt á tilteknum atriðum er varða skattlagningu tekna sem stafa frá fjárfestingu í hlutabréfum, nánar tiltekið vegna arðstekna og söluhagnaðar, sbr. lög nr. 90/2003, um tekjuskatt (hér eftir „**tekjuskattslög**“). Skattlagning framangreindra tekna fer eftir gildandi tekjuskattslögum hverju sinni, en þau geta tekið breytingum frá því sem nú er. Fjárfestar í útboðinu skulu athuga sérstaklega að skattalög aðildarríkis fjárfestis og skráningarlands útgefanda geta haft áhrif á tekjur af verðbréfunum. Samantektin hér að neðan tekur til íslenskra laga sem gilda á dagsetningu þessarar lýsingar. Samantektin tekur ekki á skattalegum afleiðingum þegar hlutabréf eru hluti af eignasafni.

Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar hjá óháðum sérfræðingi í skattamálum um það hvaða skattalegu afleiðingar fjárfesting í hlutabréfum í útgefanda kann að hafa í för með sér, þ.m.t. áhrif innlendra og erlendra lagareglna og áhrifa tvísköttunarsamninga Íslands við önnur ríki o.fl.

Aðilar með skattskyldu á Íslandi:

Fjármálastofnunum ber skylda til að halda eftir staðgreiðslu skatts af arðgreiðslum bæði til einstaklinga og tiltekinna lögaðila sem búsettir eru og skattskyldir á Íslandi, skv. ákvæðum laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skatthlutfall staðgreiðslu miðast

við viðeigandi skatthlutfall þess sem tekur við greiðslunni. Skatthlutfall einstaklinga utan rekstrar og flestra lögaðila með skattskyldu á Íslandi er 22%.

Söluhagnaður einstaklinga og lögaðila er skattskyldur og er skatthlutfall einstaklinga 22%.

Ekki er reiknaður tekjuskattur af annars vegar vaxtatekjum og hins vegar tekjum af hlutabréfaeign í formi arðs og söluhagnaðar í félögum skráðum á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, samtals allt að 300.000 kr. á ári hjá einstaklingum með skattskyldu á Íslandi. Frádráttur er nýttur þannig að fyrst skal jafna út vaxtatekjur, næst arðstekjur og loks söluhagnað af hlutabréfum þar til hámarki frádráttar hefur verið náð, sbr. 3. mgr. 66. gr. tekjuskattslaga. Þetta frítekjumark á ekki við um lögaðila.

Tilteknir skattskyldir lögaðilar (hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og samlagshlutafélög sem eru sjálfstæðir skattaðilar) hafa heimild til að færa sérstakan frádrátt á skattframtal vegna arðgreiðslna eða söluhagnaðar eins og nánar er kveðið á um í 9. tl. 31. gr. laga um tekjuskatt. Við álagningu geta slík félög fengið endurgreidda afdregna staðgreiðslu reynist álagður tekjuskattur félagsins lægri en sem nemur afdreginni staðgreiðslu.

Aðilar með takmarkaða skattskyldu á Íslandi

Fjármálastofnunum ber skylda til að draga skatt af arðgreiðslum til aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi, skv. ákvæðum laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Söluhagnaður aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er skattskyldur en ekki staðgreiðsluskyldur, skv. ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Skatthlutfall einstaklinga með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er 22% og lögaðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er 20%.

Samkvæmt a-lið 7. tl. 70. gr. tekjuskattslaga er ekki reiknaður tekjuskattur af tekjum af arði og/eða söluhagnaði af hlutabréfaeign í félögum skráðum á skipulegum markaði, eða markaðstorgi fjármálagerninga, allt að 300.000 kr., hjá einstaklingum með takmarkaða skattskyldu á Íslandi, að því marki sem frímark vaxtatekna skv. a-lið 8. tl. 70. gr. hafi ekki verið fullnýtt. Þetta frítekjumark á ekki við um lögaðila.

Um félög með takmarkaða skattskyldu á Íslandi sem eru heimilisföst innan Evrópska efnahagssvæðisins gilda sams konar reglur og um félög sem eru skattskyld á Íslandi, m.a. um heimild til að færa sérstakan frádrátt á skattframtal vegna arðstekna eða söluhagnaðar.

Ákvæði tvísköttunarsamninga geta leitt til þess að staðgreiðsluhlutfall af arðstekjum aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi verði lægra en fyrrnefnd 22% og 20%. Til að koma í veg fyrir tvísköttun tekna er hægt að sækja um undanþágu eða lækkun á grundvelli tvísköttunarsamnings hjá íslenskum skattyfirvöldum. Hafi skatti þegar verið haldið eftir er hægt að sækja um endurgreiðslu þess skatts hjá íslenskum skattyfirvöldum heimili viðkomandi tvísköttunarsamningur það.

Skattur leggst á hagnað aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi af sölu íslenskra hlutabréfa. Skatturinn leggst á söluverð að frádregnu upphaflegu kaupverði hlutanna. Félögum með takmarkaða skattskyldu á Íslandi og eru heimilisföst innan hins Evrópska efnahagssvæðis er heimilt að færa sérstakan frádrátt á skattframtali þar sem á móti skattskyldum söluhagnaði er færður sérstakur frádráttur vegna söluhagnaðar, sbr. a-lið 9. tl. 31. gr. laga um tekjuskatt. Söluhagnaður annarra félaga með takmarkaða skattskyldu á Íslandi

er skattlagður með 20% skatti, sbr. b-lið 7. tl. 70. gr. tekjuskattslaga. Tvísköttunarsamningar kunna að innihalda ákvæði um undanþágu frá skattskyldu eða eftir atvikum lækkun hennar.

7.9 Safnskráning

Reglur um safnskráningu eru einkum að finna í lögum nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga og lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga er reikningsstofnun heimilt að annast safnskráningu á verðbréfareikningi. Sé verðbréfareikningur safnreikningur skal hann auðkenndur sem slíkur.

Í 42. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, kemur fram að fjármálafyrirtæki sem er heimilt að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna, samkvæmt heimild Fjármálaeftirlitsins, getur varðveitt þá á safnreikningi og tekið við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert viðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann hafi veitt samþykki sitt. Fjármálafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig. Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar, getur viðskiptavinur á grundvelli áðurnefndrar skrár tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

Í 31. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er kveðið á um að eigandi hlutar geti ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Í samræmi við þetta hefur hluthafi ekki atkvæðisrétt á hluthafafundum nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá útgefanda. Hið sama gildir um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til safnskráningar þar sem hluthafinn hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn. Hlutum sem eru skráðir í safnskráningu fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum.

Safnskráning leysir hluthafa ekki undan flöggunarskyldu samkvæmt lögum nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Hlutir sem varðveittir eru á safnreikningi skulu því taldir með við mat á því hvort breyting á atkvæðisrétti sé flöggunarskyld.

Undirritunarsíða

F.h. Bláa Lónsins hf.
Grímur Karl Sæmundsen

Undirritað af:
Grímur Karl Sæmundsen
0402553979
Dags: 05.11.2026
Tími: 20:32:23
Ástæða: 2026 Verðbréfalýsing Bláa Lónsins
Signet ID: c6587db1-c971-4945-bb13-be0334953cef

F.h. Bláa Lónsins hf.
Sigríður Margrét Oddsdóttir

Undirritað af:
Sigríður Margrét Oddsdóttir
0605763359
Dags: 05.11.2026
Tími: 18:58:18
Ástæða: 2026 Verðbréfalýsing Bláa Lónsins
Signet ID: c6587db1-c971-4945-bb13-